



Ársskýrsla 2018

ABC barnahjálp

Mail: abc@abc.is

Heimasíða: www.abc.is

Sími: +354 4140990

Heimilisfang, Víkurhvarf 2

203 Kópavogi, Ísland



FRÁ FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Starfsemi

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Starf ABC barnahjálpar snýst fyrst og fremst um að veita fátækum börnum menntun og þar með tækifæri til framtíðar. ABC Barnahjálpar gat með hjálp trúfastra stuðningsaðila, sem gefa mánaðarlega, stutt um 4000 börn til náms og gefið þeim tækifæri til betra lífs í þeim sjö löndum, sem ABC starfar í dag, en þau eru Bangladess, Búrkína Fasó, Filippseyjar, Indland, Kenýa, Pakistan og Úganda. Rekstur ABC barnahjálpar er að mestu fjármagnaður með ágóða af sölu varnings á Nytjamörkuðunum, frjálsum framlögum í rekstrarsjóð og annara gjafa. Einnig var símasöfnun og valgreiðsla í heimabanka fyrir jólagjafasjóð og margir, sem nýttu sér að kaupa gjafabréf á heimasíðu ABC til að gefa tækifæris- og minningargjafir.



Þetta starfsár var okkur sérstakt fagnaðarefni því við fögnuðum 30 ára afmæli. Tugþúsundir barna hafa haldið út í lífið með menntun og von fyrir milligöngu ABC á þessum 30 árum. Í tilefni afmælisins gáfum við út veglegt afmælistímarit, sem dreift á 35.000 heimili í júní á sama tíma og við opnuðum nýja heimasíðu. Í desember héldum við uppá afmælið ásamt stofnendum ABC, stjórn, starfsmönnum og sjálboðaliðum og áttum við góða kvöldstund saman þar sem við litum til baka með þakklæti fyrir trúfesti Guðs og örlæti Íslendinga, sem hafa með gjafmildi stutt tugþúsundir barna til náms í Afríku og Asíu. Einnig voru nokkrar

kirkjur heimsóttar í tilefni afmælisársins og þá sérstaklega til að þakka fyrir okkur. Í nóvember og desember voru við með kynningarbása í Kringlunni, Smáranum og Glerártorgi.

Reykjavíkumaraþonið var á sínum stað með flottum hlaupurum, sem hlupu fyrir ABC.

Fótbolti.net og listamaðurinn Tolli studdu ABC með málverka uppboði, sem gékk óskipt til Búrkína Fasó. En þess má geta að Tolli gaf einnig málverk fyrir ABC-Bingó fyrir skólan í Pakistan og 30 ára fyrirtækjaverkefni, sem Gunna Magga, var með í tilefni afmælisársins.

Hið árlega söfnunaráttak "Börn hjálpa börnum" var haldið í grunnskólum og söfnuðust 7.231.938 krónur. Sem er nánar komið inná hér aftar í skýrslunni.

Tölulegar staðreyndir

Börn, sem fengu stuðning frá ABC, voru tæplega 4000 talsins í árslok, svipaður fjöldi og í fyrra.

- Í Bangladess eru 613 börn í skóla og þar af eru 420 studd af ABC og búa þau öll á heimavistinni, sem heitir Home of Peace. ABC byrjaði stuðning við skólann í lok árs 2017 og gengur vel.
- Í Búrkína Fasó stunduðu 644 börn nám á árinu og eru þau öll studd af ABC. Í árinu var byggður matsalur, sem rýmir um 700 manns, einnig 300 fm bygging með 4 skólastofum með sólarsellum á þaki byggingarinnar. Íþróttasvæði með fótbolta- körfubolta- handbolta- og blakvelli var klárað.
- Á Filippseyjum stunduðu 500 börn nám á árinu frá leikskóla til háskólanáms með stuðningi ABC en þar byrjaði ABC að styðja börn til náms fyrir um 28 árum síðan.
- Á Indlandi hefur ABC stutt lítinn skóla, sem hefur um 120 börn síðan 1995. Nemendur eru allir úr hinum lægstu stéttum í þjóðfélaginu, kölluð hin ósnertanlegu.
- Í Kenía stunduðu 650 börn nám á árinu. Annars vegar í fátækrahverfi Naíróbí og hins vegar í Namelok í suðurhluta Kenía, bæði í námi og heimavist.
- Í Pakistan tók ABC við rekstri skóla í byrjun árs, þar sem eru flestir nemendur eru afkomendur og börn „múrsteinapræla“ eða 214 börn. Aðkoma ABC hefur gjörbreytt skólastarfinu og lífsgæðum þessara barna að öllu leyti.
- Í Úganda starfar ABC með svipuðu sniði og síðast liðin ár, en þar hefur ABC starfað með “ABC children’s aid Uganda” í 25 ár og styðja íslendingar um 1300 börn til náms á þremur svæðum, í Kasangati, Kitetika og Rackoko.

Innanlands

Innanlands var forvarnafræðsla Magga Stef. Hún gegnur út á að vera með jákvæða forvarnafræðslu í grunnskólum fyrir nemendur og foreldra.

Nytjamarkaður ABC var rekinn á tveimur stöðum árið 2018, Víkurhvarfi 2 og síðan var bætt við verslun í apríl 2018, sem er við Dalshraun í Hafnarfirði.

Á árinu voru 11 starfsmenn ABC á Íslandi, 5 á skrifstofu og 6 á Nytjamörkuðum ABC og einn á vettvangi, sem sinnir eftirliti á vettvangi. Margir sjálboðaliðar komu að starfi ABC barnahjálpar á árinu og sinntu þeir ýmsum störfum. Margir þeirra unnu við ýmis störf á Nytjamörkuðum og söfnun bauka um allt land.



Starf ABC barnahjálpar snýst fyrst og fremst um að veita fátækum börnum menntun og þar með tækifæri til framtíðar.

Vettvangsheimsóknir og gjafir

Bangladess. Í lok árs 2017 hóf ABC samstarf við heimavistaskólann "Home of Peace" í Bangladess. ABC styður um 420 börn af þeim 613, sem stunda nám og búa á heimavistinni. Sigurlín, starfsmaður ABC, heimsótti skólann og skrifaði undir samstarfssamning í mars 2018. Ásamt því að sinna úttekt á starfinu og leiðbeina starfsfólki, sem sér um skráningu og samskipti við ABC. Einnig heimsótti hún 14 heimili nemenda úr Bicropur og Balavir svæðum og tók nokkur viðtöl. Eitt af því sem skorti voru dýnur á heimavist og sendi ABC sérstaka peningagjöf til að kaupa nýjar dýnur, kotta og moskító net fyrir heimavistina.

Búrkína Fasó. Starfið í Búrkína Fasó gengur vel undir góðri stjórn Hinriks og Gullýar. Nýji matsalurinn, sem rúmar um 700 manns, hefur gjörbreytt matar- og félagsaðstöðunni á staðnum. Nýjar sólarcellur fyrir skólann, voru teknar í notkun og opnað var nýtt bókasafn fyrir gjafafé. Íþróttasvæði var klárað fyrir styrk úr sjóð "Börn hjálpa börnum" Sjálboðaliðar heimsóttu skólann tvisvar á árinu og gengu í ýmis störf, svo sem fataúthlutun, vinnu við uppsetningu á sólarcellum og vatnsveitu. Jóna starfsmaður ABC heimsótti skólann í september 2018, safnaði saman gögnum, tók viðtöl við nemendur og fundaði með starfsfólki, sem sér um skráningu og samskipti við ABC.

Filippseyjar. Starfið á Filippseyjum, þar sem ABC hóf stuðning við börn árið 1990 í gegnum Children's Mission, hefur verið farsælt allar götur síðan. Í ágúst voru mikil flóð á monsúntímanum og margar fjölskyldur lendu í vandræðum. Samstarfsaðilar okkar opnuðu neyðarskýli og útveguðu fólki nauðsynjar á borð við húsaskjól, klæði og mat. Í nóvember 2018 heimsóttu Laufey og Íris starfsmenn ABC, starfið og tóku þátt í ráðstefnu, sem var haldin fyrir alla skólana í Asíu, ásamt gestum frá austur Evrópu og Afríku. Einnig tóku þær viðtöl við nemendur, sem hafa verið studdir af ABC og einnig starfsmenn, sem eru tengiliðir ABC á Filippseyjum.

Indland. ABC hefur starfað með Evu Alexander og "Comforter Ministries" síðan 1995 og reka þau lítinn skóla en oftast hafa verið um 120-200 nemendur frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Nemendur eru flestir af stétt hinna ósnertanlegu eða "Dalites", sem eru þau lægst settu á Indlandi. Þráinn stjórnarmaður ABC heimsótti skólann í júlí 2018 og gerði úttekt á skólanum og svæðinu og gerði tillögur að endurbótum, sem farið var strax í að laga. ABC endurnýjaði öll leiktæki á skólalóðinni í gegnum BHB sjóðinn. Íþróttanámsbætt og allir nemendur fengu nýja skólabúninga og farið var í nokkrar vísindaferðir á árinu.

Kenía. Í Naíróbí var ráðinn nýr framkvæmdastjóri 2017 og hefur hann haldið utan um starfið þar. Í byrjun skólaársins 2018 var byggt nýtt eldhús. Heimavistin máluð og löguð, keyptar nýjar dýnur og kassar fyrir alla nemendur. Einnig fengu allir nemendur nýja skólabúninga ásamt sparigalla (gallabuxur, kjóla og skó) stúlkurnar fengu bakpoka með hárvörum og drengir bakpoka með rakstursvörum sem féll í góðan farveg. Farið var í vísindaferðir og tekið þátt í tónlistarkeppni grunnskóla í Naíróbí. Í Namelok í suðurhluta Kenía, var byggð ný skólabygging með tveimur skólastofum, sem var tekin í notkun í janúar 2018 og íþrótt- og tómstundarsvæði og tæki endurnýjuð með “Börn hjálpa börnum sjóð”. ABC sótti um styrk hjá ICEIDA til að byggja nýja vatnsveitu og vegg í kringum skólann sem var samþykkt í september 2018. Verkefnið hefst í janúar 2019.

Pakistan. Í byrjun árs 2019 byrjaði ABC samstarf með nýjum samstarfsaðilum í Pakistan. “Full Gospel Assemblies of Pakistan”. Í skólanum eru flestir nemendurnir afkomendur „múrsteinapræla“. Aðkoma ABC breytti miklu. ABC hóf strax endurbætur á skólanum. Í apríl fékk ABC styrk frá Fríkirkjunni Veginum í Kópavogi til að byggja vatnsbrunn á lóð skólans ásamt því að koma upp heilsugæslu og tryggja lækna heimsóknir út skólaárið. Þráinn stjórnarmaður ABC heimsótti skólann og skrifaði undir samstarfssamning. Ásamt því að sinna úttekt á skólanum og skólaumhverfinu. Miklar rigningar og flóð voru á svæðinu í júlí, börn komust ekki í skólann, þök og veggir hrundu hjá mörgum fjölskyldum. ABC veitti fé úr neyðarsjóði til að bregðast við þessu neyðarástandi og voru fjölskyldum allra nemendanna gefnir matarskammtar fyrir heimilin.

Úganda. ABC Úganda rekur 9 skóla á 3 svæðum. Við skólann okkar í Úganda var byggð ný heimavist fyrir stúlkur, eins var ný salernisaðstaða byggð við heimavist drengjanna og starfsfólks. Auk þess var Miriam neyðarsjóðurinn stofnaður við skólann og er veitt fé úr honum, þegar erfiðar aðstæður skapast hjá nemendum og fjölskyldum þeirra. Sjóðurinn hefur komið að miklu gagni, þegar neyðin er mest. Árið 2018 fékk ABC styrk frá ICEIDA, sem nam um 370 þúsund krónum, til að tryggja hreint vatn við ABC skólana. Markmið verkefninsins var að setja upp vatnsstanda, sem tryggja nemendum og starfsfólki hreint vatn öllum stundum og vernda þau fyrir þeim smitsjúkdómum, sem berast með menguðu vatni.

Frekari upplýsingar eru á heimasíðu okkar. www.abc.is

UPPGJÖR BÖRN HJÁLPA BÖRNUM 2018

Hið árlega söfnunaráttak "Börn hjálpa börnum" var haldið í 21. skiptið og söfnuðu nemendur úr um 70 grunnskólum víðsvegar um landið 7.231.938 krónum. Alla jafna eru það nemendur í 5. Bekk, sem taka þátt í þessu mikilvæga verkefni og er það reynsla ABC að þau hafa mikinn áhuga á að hjálpa börnunum, sem styrkt eru til náms í gegnum ABC barnahjálpa.

Í Búrkína Fasó var íþróttasvæði fullbúið við ABC skólann. Nú er þar handbolta- og fótboltavöllur, sem og körfuboltavöllur. Auk þess var gámur sendur frá Íslandi til Búrkína Fasó og var hann sneisafullur af íþróttavörum, trampólínum og skemmtilegu dóti.

Við ABC skólann í Úganda var byggð ný heimavist fyrir stúlkur. Auk þess var Miriam neyðarsjóðurinn stofnaður við skólann og er veitt fé úr honum, þegar erfiðar aðstæður skapast hjá nemendum og fjölskyldum þeirra. Sjóðurinn hefur nú þegar komið að miklu gagni þegar neyðin er mest.

Leiksvæði var útbúið við skólann á Indlandi og keypt stórskemmtileg leiktæki, sem eru vel nýtt í öllum frímínútum! Sérlega vantaði tölvu, prentara og skanna á skrifstofu skólans og var það líka keypt til að styrkja enn betur við skólastarfið.

Í Namelok í Kenía voru lagðar nýjar vatnsleiðslur og börnin fengu nýja skólabúninga og skólabækur. Auk þess voru keyptar íþróttavörur og tæki.

Stofnaður var sjóður fyrir skólann í Pakistan og hefur hann þegar komið að miklu gagni fyrir nemendur og starfsmenn skólans, þegar veikindi og áföll verða.

Eins og sjá má munar heldur betur um þessa peninga, sem þessir frábæru íslensku krakkar söfnuðu og erum við þeim hjartanlega þakklát!

Dags.	Heiti	Heildarupphæð
19.02 - 30.06	Börn hjálpa börnum - alls safnað	7.231.938

dags.	Lýsing	Upphæð
23.1.2018	Málning ehf - baukar	114.305
	Miðaprent ehf-viðurkenningaskjöl	0
23.1.2018	Eymundsson - límbönd og límstifti	8.852
14.2.2018	Bros - Gjafaver ehf - buff	533.200
31.03. - 30.06.2018	Íslandspóstur ohf	21.946
	Samtals - Kostnaður við söfnun	678.303

Nettó upphæð söfnunar	6.553.635
------------------------------	------------------

Yfirlýsing stjórnar

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Grundvöllur álits

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2018.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga

Reykjavík, 13. Maí 2019.

KPMG ehf

REKSTRAREIKNINGUR ÁRSINS 2018

Tekjur	2018	2017
Gjafir og áheiti	154.691.771	178.346.138
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	7.231.938	7.982.517
Framlag frá Vinafélagi ABC barnahjálpar	0	356.700
Vörusala nytjamarkaðar	49.204.049	35.686.629
Önnur framlög og styrkur	74.456.393	62.764.966
Tekjur samtals	285.584.151	285.136.950
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	55.128.023	48.861.800
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	178.510.993	175.325.723
Annar rekstrarkostnaður	49.250.594	39.351.865
Afskriftir	1.490.925	998.053
Gjöld samtals	284.380.535	264.537.441
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	1.203.616	20.599.509

Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	632.175	483.843
Vaxtagjöld	(280.374)	(184.475)
Gengismunur	114.368	(591.889)
Fjárm.liðir samtals	466.169	(292.521)
Hagnaður ársins	1.669.785	20.306.988

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

Eignir	2018	2017
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.915.425	3.982.792
Fastafjármunir samtals	5.915.425	3.982.792
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	397.160	545.120
Viðskiptakröfur	8.744.579	8.317.636
Aðrar skammtímakröfur	25.000	0
Óbundnar bankainnistæður	21.198.959	21.917.570
Veltufjármunir samtals	30.365.698	30.780.326
Eignir alls	36.281.123	34.763.118
Eigið fé		
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	31.663.531	29.993.746
Eigið fé samtals	31.663.531	29.993.746
Skammtímaskuldir		
Skuld við lánastofnun	1.038.717	1.328.589
Viðskiptaskuldir	1.510.414	1.627.292
Ógreidd launatengd gjöld	2.068.461	1.813.491
Skuldir samtals	4.617.592	4.769.372
Eigið fé og skuldir alls	36.281.123	34.763.118